



BSF3A01 Stýri – fjöðrun – hjólastilling

Námsáætlun, vorönn 2020

Kennari/kennarar: Ásgeir Gunnarsson Ágúst Ingi Friðriksson	Netfang/netföng: asgeirg@bhs.is agust@bhs.is
---	---

Lýsing:

Farið yfir aðferðir við mat á ástandi búnaðar og íhluta í undirvagni og vinnubrögð við undirbúning og framkvæmd hjólastillinga, bæði tvíhjóra og fjórhjólastillinga. Farið yfir hjólhorn og tilgang þeirra. Gerðar æfingar í hjólastillingum með vélrænum og rafrænum tækjum. Farið yfir ýmsar aðferðir til að mæla burðarvirki og undirvagn. Áhersla á hættur við vinnu undir ökutækni, nákvæm vinnubrögð og akstursöryggi eftir viðgerð.

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:

Þekkingarviðmið; nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- o hjólhornum og tilgangi með kröfum til stýris-, fjöðrunar- og hjólabúnaðar í reglugerð um gerð og búnað ökutækja o kröfum reglugerðar um gerð og búnað ökutækja sem varða hjólastillingar o aðferðum til að meta ástand burðarvirkis og yfirbyggingar
- o kröfum til burðarvirkis í reglugerð um gerð og búnað ökutækja

Hæfniviðmið; nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- o lýsa mælingu burðarvirkis, sérstaklega vegna hjólfestinga, stýrisog fjöðrunarbúnaðar o lýsa afleiðingum þess ef hjólhorn eru röng eða vanstillt o undirbúa hjólastillingu

Leikniviðmið; nemendi skal hafa öðlast leikni í að:

- o ástandsskoða stýris- og fjöðrunarbúnað
- o mæla og stilla hjólastefnu fólks- og flutningabifreiða
- o nota bilanagreini við miðjustillingu stýris

Námsmat:

o **Verklegt mat;** nemandinn sýnir hvernig hann undirbýr hjólastillingu með athugun á ökutækini, aðstæðum og tækjabúnaði. Hann lýsir og sýnir hvernig kvörðun hjólastillitækja fer fram. Nemandinn mælir hjólhorn/hjólastefnu ökutækja og gerir viðeigandi stillingar eða segir til m úrbætur sem þarf að gera á ökutækini o **Skriflegt mat;** nemandinn leysir próf um fræðilega þætti áfangans og viðeigandi ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja



Vægi: Verklegt mat: 40% Skriflegt mat 40% Þátttaka og virkni 20%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur skulu mæta stundvíslega í kennslustundir. Nemendur skulu vera í öryggisskóm og viðeigandi hlífðarfatnaði þegar unnið er á verkstæði.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology
Glærur frá kennara
Viðgerðabækur af bókasafni verkstæðis skólans
Bifreiðar og önnur tæki í eigu skólans

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
	1	innsetning	
	2	verkefni	
	3	Verkefni á verkstæði	
	4	Verkefni á verkstæði	
	5	Frágangur, upprifjun og þekkingamat	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.